

Sþ.

417. Tillaga til þingsályktunar

[130. mál]

um kristfjárjarðir o. fl.

Flm.: Páll Zóphóniasson, Þorsteinn Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á eignar- og umráðarétti yfir kristfjárjörðum og öðrum eignum, er líkt stendur á um, og gefa næsta Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar.

Greinargerð.

Kristfjárjarðir eru víðs vegar um landið, og rennur afgjald þeirra til þess, sem gjafabréfin ákveða, en það er mjög misjafnt, en oftast til fátækra í einhverju formi og eftir nánari ákvæðum gjafabréfanna. Menn líta nokkuð misjafnt á þessar jarðir. Sumir telja, að þær séu sjálfseignarstofnanir og megi ekki selja þær, og í raun rétttri um ekkert annað að gera fyrir þá, sem umráðaréttinn hafa yfir þeim, en sjá um, að afgjaldið renni til þess eða þeirra, sem gjafabréfið ákveður. Breyttir þjóðhættir eru þess valdandi, að ákvæði margra gjafabréfanna eru orðin meira eða minna úrelt, svo að gjöfin nær ekki upprunalegum tilgangi gjafarans. Á sumum jörðunum er t. d. búið að leggja í stórfelldar byggingar og ræktunarframkvæmdir, sem jarðareigandi er eftir ábúðarlögum skyldur að kaupa af fráfaranda. Sé hins vegar gjöfin sjálfseignarstofnun, þá er enginn, sem getur keypt af fráfaranda, og getur slíkt horft til vandræða við ábúendaskipti. Það er því brýn nauðsyn á að fá rannsakað, hver er raunverulegur eigandi sunra slíkra jarða og hvort eignarrétturinn fylgi umráðaréttinum, en alltaf er ljóst, hver hefur hann.

Ýmsir líta svo á, að þessar jarðir heyri undir „opinberar“ jarðir, en þær eiga ábúendur kröfu á að fá byggðar á erfðafestu eftir lögum um ættaróðal og erfðaábúð, og þegar sami bóndi hefur búið á slíkri jörð í erfðafestu í ákveðinn árafjölda, hefur hann rétt á að fá hana keypta og gerða að ættaróðali. En hver á þá að selja kristfjárjörðina? Úr þessu þarf að fá skorið, og er þess vænt, að ríkisstjórnin láti athuga málið og leggi niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

Mjög svipuðu máli gegnir með nokkrar „legats“-jarðir, og þó að þær séu færri og skipti því heildina minna máli en kristfjárjarðirnar, teljum við flutningsmennirnir sjálfsagt að rannsaka það jafnframt.

Þá eru loks landsvæði á einstaka stöðum á landinu, sem kölluð eru ahmenningar og engir teljast eigendur að. Fyrir hefur það komið, að deilur hafi risið vegna smölunar á slíkum löndum, og væri því mikilsvert, að umráða- og eignarréttur á þeim yrði rannsakaður um leið.